

Nd. **448. Frumvarp til laga** [227. mál]
um breyting á lögum nr. 25/1977, um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein bráðabirgðaákvæðis orðist svo:
Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og breytast þá upphæðir bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25/1977 í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi bráðabirgðaákvæði laga nr. 25/1977 segir svo í síðustu málsgrein:
„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.“

Sjómönnum hefur nokkuð þótt á skorta, að þessu lagaákvæði sé fylgt, og telja það dragast úr hófi fram.

Enn fremur hefur þeirri skoðun verið hreyft, að þótt ráðherra sé þetta skylt verði ekki talið að breytingar á fjárhæðum bráðabirgðaákvæðisins taki gildi nema ráðherra auglýsi þær.

Einnig hefur því verið haldið fram, að breyting fjárhæða bráðabirgðaákvæðisins taki þá fyrst gildi er ráðherra auglýsir breytingu, en gildi ekki aftur fyrir sig frá þeim tíma er breyting varð á vikukaupi í almennri verkamannavinnu.

Gildandi bætur til sjómanna frá 16. október 1980 eru þessar:

	Dánarbætur	Örorkubætur
16/10 1980—31/12 1980	kr. 8 386 000	kr. 25 157 000
1/1 1981—	nkr. 83 860	nkr. 251 570

Ef hækkun hefði komið á þessar bætur 1. desember 1980, eins og lagaheimild er fyrir að mati flm., hefðu bætur þessar átt að hækka og verða:

	Dánarbætur	Örorkubætur
1/12—31/12 1980	gkr. 10 134 000	gkr. 30 400 000
1/1 1981—	nkr. 101 340	nkr. 304 000

Þau slys og mannskaðar, sem orðið hafa á tímabilinu frá 1. desember s.l., hljóta að vekja þá spurningu, hvort nokkur ástæða sé til að skapa efa í brjóstum þeirra, sem bótanna eiga að njóta, eða hafa af þeim réttmætar fjárhæðir skv. anda þessara laga og vilja þeirra sem að lagasetningunni stóðu.

Sjómenn hafa sjálfir oft bent á nauðsyn þeirrar breytingar, sem hér er lagt til að gera, eftir að óðaverðbólgan komst á það stig sem hún er nú á. Óþarft virðist að gera þetta sjálfsgöða réttlætismál að búðarvöru í yfirstandandi samningum og enn síður að „félagsmálapakka“ sem sjómenn verða að borga fyrir af launum sínum margfalt það sem leiðrétting þessi kostar.